

Kjörstjórn.

Ár 2018. sunnudaginn 6. maí kl. 18:00 kom kjörstjórn saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru Inga Lóa Hannesdóttir, Pálína Sigurjónsdóttir og Margrét Haraldsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

Á fundinn mætti umboðsmaður umboðsmaður B-listans Garðar R. Árnason.

1. Farið hefur verið yfir lista meðmælenda listanna þriggja sem lagðir voru fram þann 5. maí s.l. til sveitarstjórnarkosninga í Hveragerðisbæ þann 26.maí n.k.

Á meðmælendalista D-lista eru tveir sem einnig hafa skrifað á annan meðmælalista þannig að meðmælendur með listanum eru því 78.

Á meðmælendalista B-lista voru tveir aðilar sem einnig hafa skrifað á annan meðmælalista þannig að meðmælendur með listanum eru því 74.

2. Eftirfarandi tilkynning verður send Félagsmálaráðuneyti:

Kjörstjórn Hveragerðisbæjar hefur á fundi sínum, sunnudaginn 6. maí 2018, úrskurðað að allir framlagðir framboðslistar séu gildir.

3. Kjörstjórn samþykkir að auglýsa framkomna lista á heimasíðu bæjarins og á auglýsingatöflum í bæjarfélaginu.

4. Formanni falið að finna starfsmenn til að vinna á kjörstað. Jafnframt er formanni falið að ganga frá prentun á kjörseðlum og auglýsingum um kjörstað.

5. Samþykkt að næsti fundur kjörstjórnar verði föstudaginn 25. maí kl. 17:00 í Grunnskólanum í Hveragerði.


Fleira ekki gert - fundi slitið kl. 18:22

Inga Lóa Hannesdóttir, (sign)

Pálína Sigurjónsdóttir, (sign)

Margrét Haraldsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)



Inga Lóa Hannesd.
Pálína Sigurjónsdóttir
Margrét Haraldsdóttir
Helga Kristjánsd.